



Fundargerð

1414. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
13. apríl 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Mór Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshæjar 2022 - drög (2023040104)

Regína F. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mættu á fundinn og fóru yfir drög að ársreikningi Reykjaneshæjar fyrir árið 2022.

Bæjarráð vísar ársreikningi í endurskoðun og til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

2. Leikskólinn í Drekkadal (2022100203)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, mætti á fundinn.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir fór af fundi kl. 9:00.

Bæjarráð samþykkir 4-0 að ganga til samninga við Hrafnshól um kaup á leikskóla í Drekkadal, áætluð afhending leikskólans er 1. apríl 2024.

Bæjarráð felur Kjartani Mór Kjartanssyni bæjarstjóra að ganga frá samningnum.

Margrét A. Sanders óskar eftir heildarkostnaðaráætlun við verkið.

Margrét Þórarinsdóttir tekur undir með Margréti A. Sanders að óska eftir heildarkostnaðaráætlun.

3. Njarðvíkurbraut 51-66 (2019052691)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, mætti á fundinn.

Íshjól ehf. óskar eftir framlengingu á leigusamningi Njarðvíkurbrautar 51-66.

Bæjarráð felur Kjartani Mór Kjartanssyni bæjarstjóra að undirbúa samning við Íshjól miðað við athugasemdir sem lagðar voru fram á fundinum. Samningurinn verður lagður fyrir bæjarráð til samþykktar.

4. Hvítbók í málefnum sveitarfélaga (2022060506)

Lögð fram til kynningar drög að umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um hvítbók í málefnum sveitarfélaga.

5. Samtök orkusveitarfélaga - aukaaðalfundur 21. apríl 2023 (2023040067)

Lagt fram fundarboð um aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga 2023.

6. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. mars 2023 (2023010560)

Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

7. Landeigendur Ytri- Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi - tilnefning í stjórn (2023040155)

Bæjarráð tilnefnir Gunnar Kristin Ottósson skipulagsfulltrúa sem aðalman og Unnar Stein Bjarndal bæjarlögmann sem varamann í stjórn landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.